

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2023, miðvikudaginn 22. nóvember kl. 9:00 var haldinn 344. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1, og um fjarfundabúnað.

Fundarfólk: Gylfi Magnússon, Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason, Ragnhildur Alda María Vilhjálmsson, Valgarður Lyngdal Jónsson og Unnur Líndal, áheyrnarfulltrúi starfsfólks. Valgarður tók þátt um fjarfundabúnað. Þórður Gunnarsson og Guðveig Eyglóardóttir voru fjarverandi.

Einnig tók Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri þátt í fundinum.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

Þetta gerðist:

1. Klukkan 10:30 mættu Edda Sif Aradóttir, framkvæmdastýra Carbfix til fundarins ásamt Erlingi Tómassyni, fjármálaleiðtoga Carbfix og fulltrúum Morgan Stanley og gerðu grein fyrir tillögu að breytingu á skilyrðum hlutafjárútgáfu Carbfix. Tillögunni fylgir greinargerð og fylgiskjal.

Umræður.

Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

Edda Sif, Erling og fulltrúar Morgan Stanley yfirgáfu fundinn kl 11:00.

2. Forstjóri kynnti drög að stefnu Orkuveitu Reykjavíkur, sem KPMG hafa unnið ásamt stjórn og starfsfólki.

Klukkan 11:00 mætti Hera Grímsdóttir, framkvæmdastýra Rannsóknna og nýsköpunar, til fundarins og gerði grein fyrir hlaðborði orkukosta.

Jafnframt lögð fram skýrsla Orku náttúrunnar og Rannsóknna og nýsköpunar um eftirspurn eftir raforku. Umræður.

Umræður. Afgreiðslu frestað.

Unnur Líndal yfirgaf fundinn kl 11:20. Guðrún Erla Jónsdóttir stefnustjóri tók þátt í fundinum undir þessum lið en yfirgaf fundinn kl 11:23.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 11:40.

Næsti reglulegi fundur stjórnar verður haldinn þann 27. nóvember 2023.

Gylfi Magnússon,
Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason, Ragnhildur Alda María Vilhjálmsson,
Valgarður Lyngdal Jónsson, Unnur Líndal.